



# Aukin tækifæri í ferðamennsku

Greining á þörfum og skilgreining verkefna fyrir ferðaþjónustu á Stöðvarfirði

Valborg Ösp Árnadóttir Warén  
október 2023

## Efnisyfirlit

Inngangur	1
SVÓT-greining	2
Stöðvarfjörður	3
Tækifæri í ferðaþjónustu	7
Styrkjum ferðaþjónustuna	14
Fornleifar og aðrir seglar	17
Látum hugann reika	21
Lokaorð	22



## Inngangur

Á íbúafingi sem haldið var í mars 2022 og markaði upphaf þátttöku Stöðvarfjarðar í byggðaþróunarverkefninu Brothættar byggðir, var mikið rætt um ferðaþjónustu á Stöðvarfirði. Þátttakendur veltu fyrir sér ýmsum hugmyndum um hvernig væri hægt að byggja upp öfluga ferðaþjónustu á Stöðvarfirði og styrkja bæinn sem áhugaverðan áningarstað á ferðalagi fólks um Ísland. Ef kjarna á þá umræðu sem fór fram á þinginu, sem og á öðrum íbúafundum og í samtölum, er kjarninn að skipuleggja hágæða ferðamannastað á Íslandi sem á sér engan líka og þar sem upplifun gesta verður einstök.

Eitt af starfsmarkmiðum verkefnisáætlunar Sterks Stöðvarfjarðar er aukin tækifæri í ferðamennsku; greining á þörfum og skilgreining verkefna fyrir ferðaþjónustu á Stöðvarfirði. Skoða þarf sérstaklega gæði þjónustu og afbreytingarmöguleika. Er þetta skjal liður í að uppfylla þetta markmið og vonandi mun það nýtast til áframhaldandi vinnu.

Ljóst er að náttúran er umlykur Stöðvarfjörð er segull ein og sér ásamt því að bæjarandi og samhugur íbúa er mikill. Innviðir sem og öll þjónusta Stöðvarfjarðar er veik og þarf því að ráðast í uppbyggingu þar svo að hægt sé að veita þá þjónustu sem þarf til að geta kallað staðinn áhugaverðan viðkomustað. Ljóst er að vilji íbúa er til staðar en þegar vantar sterka undirstöðu undir innviði í bænum er erfitt að ráðast í stórar hugmyndir varðandi uppbyggingu í ferðaþjónustu. Því er einna brýnast að innviðir Stöðvarfjarðar byggist upp og styrkist sem fyrst.

Þessi greining er gerð eftir samtöl og hugmyndavinnu íbúa og brottfluttra, sem kallað var eftir af verkefnisstjóra Sterks Stöðvarfjarðar.

Til þess að átta sig betur á þeim þáttum í umhverfinu og samfélaginu sem geta haft áhrif á viðfangsefnið er gott að notast við SVÓT sem er greinandi aðferð. SVÓT er skammstöfun fyrir styrkleika, veikleika, ógnir og tækifæri. Í SVÓT greiningu er upplýsingum safnað um innri og ytri þætti sem geta haft áhrif á þróun fyrirtækja, eða í þessu tilfalli, þróun Stöðvarfjarðar. Í SVÓT verður til listi yfir styrkleika og veikleika sem koma fram við greiningu en einnig listi yfir ógnanir og tækifæri sem verður til við skoðun á umhverfinu. Við greiningu á ferðaþjónustu á Stöðvarfirði, hlutverk og tækifæri, var stuðst við aðferðafræði SVÓT.

## SVÓT-greining

**S**

Blómleg félagasamtök  
Stórskorið og fallett umhverfi  
Náttúruperlur  
Menning  
Fornleifar

**V**

Fækkun íbúa  
Innviðir veikir  
Samgöngur  
Almenningssamgöngur  
Fjarskipti  
Skortur á húsnæði

**Ó**

Skerðing á þjónustu  
Fólksfækkun  
Hús haldast ekki í  
heilsársbúsetu

**T**

Átak í umhverfis-  
og skipulagsmálum  
Balinn  
Fornleifarannsóknir  
Nýsköpun  
Menning

## Stöðvarfjörður

Leyfi til verslunarrekstur á Stöðvarfirði var veitt árið 1896 og fljótlega upp úr því fór að myndast þéttbýli í kringum verslun Carls Guðmundssonar sem staðsett var í þorpinu. Sökum þess hve stutt er á fiskimið út af firðinum höfðu sjómenn búið þar um langan tíma.

Árið 2003 sameinuðust Búðahreppur og Stöðvahreppur í sveitarfélagið Austurbyggð. Þremur árum síðar sameinaðist Austurbyggð svo sveitarfélaginu Fjarðabyggð og voru þá íbúar þess sveitarfélags orðnir um 5200. Þéttbýliskjarnar Fjarðabyggðar eru sjö talsins. Nyrst er Mjóifjörður en þar er eitt minnsta þorp á Íslandi. Þá kemur Norðfjörður, fjölmennasti bæjarhluti Fjarðabyggðar, því næst Eskifjörður sem stendur við samnefndan fjörð, sem gengur inn úr norðurströnd Reyðarfjarðar. Síðan koma Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður. Syðsti þéttbýliskjarni Fjarðabyggðar er svo Breiðdalur. Í dag búa um 5100 manns í Fjarðabyggð.

Íbúar Stöðvarfjarðar voru 276 um aldamótin síðustu en 1. janúar 2023 var skráður íbúafjöldi 192 manns, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Aldursdreifing íbúa bæjarins er ólík aldursdreifingu annars staðar á landinu. Fjölmennasti aldurshópurinn er sá sem er kominn yfir miðjan aldur, þ.e. 50 ára og eldri, eða rúmlega 43% íbúa, en aðeins um 6% íbúa er á aldrinum 40-49 ára.

Grunnskóli er starfræktur á Stöðvarfirði. Skólinn er rekinn sameiginlega með Grunnskóla Breiðdalsvíkur. Kennst er í grunnskólanum á Stöðvarfirði þriðjudega og fimmtudaga, á Breiðdalsvík mánudaga og miðvikudaga og svo eru nemendur í sínum heimaskóla á föstudögum. Leikskólabörn eru í sínum byggðakjörnum alla daga vikunnar. Haustið 2022 voru 35 nemendur skráðir í grunnskólann. Tólf af þeim eiga lögheimili á Stöðvarfirði. Átta börn eru á leikskóla-deildinni sem er í sama húsnæði og grunnskólinn. Þar er einnig starfræktur tónlistarskóli.

### Atvinnulíf á Stöðvarfirði

Fiskvinnsla og fiskveiðar voru til langs tíma höfuðatvinnuvegur Stöðfirðinga. Þar var um langt skeið rekin togaraútgerð og frystihús og meirihluti íbúa hafði þar atvinnu. Einnig voru afleidd störf þónokkur. Við lokun frystihússins árið 2005 fækkaði störfum allverulega á Stöðvarfirði. Þegar tilkynnt var um þau áform að loka frystihúsinu voru 32 starfandi við fiskvinnslu og því mikil blóðtaka í atvinnulífi þorpsins. Í dag eru um 5-6 línubátar sem landa á Stöðvarfirði 8-10 mánuði á ári. Einnig hafa verið nokkrir strandveiðibátar stundað sjósókn yfir sumartímann. Þessir bátar nota þjónustu á Stöðvarfirði, bæði við höfnina og hjá Fiskmarkaði Austurlands. Fyrirtækið er tengiliður milli útgerðar og fiskvinnslu.

Nokkur fyrirtæki eru rekin á Stöðvarfirði. Verktakafyrirtækið Landatangi er starfrækt á staðnum. Þar er rekið verkstæði ásamt því að sinna ýmis konar þjónustu varðandi jarðvegsvinnu og öðrum tilfallandi verkefnum.

Gallerí Snærós er staðsett í bænum og þar er hægt að kaupa fallegt handverk sem unnið er af eigendum fyrirtækisins. Galleríið er fjölskyldurekið fyrirtæki og sjá meðlimir fjölskyldunnar um að vera á staðnum á opnunartíma þess.

Handverksfyrirtækið Saumakot er á Stöðvarfirði. Fyrirtækið er rekið af einum einstaklingi sem vinnur eftir því sem tilefni gefur til. Salthúsmarkaðurinn er staðsettur í gamla félagsheimili bæjarins og er opinn yfir sumartímann. Þar rekur félag eldri borgara handverksmarkað ásamt því að hægt er að kaupa matvæli sem eru framleidd af heimafólki.

Sköpunarmiðstöðin hefur verið starfrækt á Stöðvarfirði undanfarin ár. Starfsemi miðstöðvarinnar er ætlað að efla menntun á svæðinu og að stuðla




að lifandi tónlistar- og menningarlífi. Miðstöðin býður upp á vinnustofudvöl fyrir listafólk ásamt því að hljóðver og leirbrennsla eru í húsinu.

Steinasafn Petru er opið yfir sumartímann og er rekið af afkomendum Petru. Í fyrsta sinn í sumar var ráðinn utanaðkomandi starfsmaður til starfa hjá safninu.

Fasteignafélagið Kirkjuból rekur Gistiheimilið Söxu sem er staðsett í gamla kaupfélagshúsinu. Sumarið 2023 voru fimm starfsmenn hjá fyrirtækinu. Félagið rekur kaffihús í sama húsi og þar er einnig veitingasala.

Kaffibrennslan Kvörn tók til starfa á Stöðvarfirði sumarið 2022. Fyrirtækið er að byggja upp aðstöðu í húsnæði



Sköpunarmiðstöðvarinnar og eru áform um koma upp kaffihúsi ásamt því að stækka brennsluna til muna.

Einn stærsti einstaki vinnustaður íbúa Stöðvarfjarðar er Alcoa Fjarðaál og tengd fyrirtæki á Reyðarfirði. Þar starfa um 15 íbúar Stöðvarfjarðar um þessar mundir. Á Stöðvarfirði er grunnskólinn fjölmennasti vinnustaðurinn og er skólinn rekin sameiginlega með Grunnskóla Breiðdalsvíkur.

Sveitarfélagið Fjarðabyggð rekur þjónustumiðstöð í bænum. Miðstöðin veitir þjónustu í snjómokstri, slætti á sumrin og aðstoðar við ýmislegt sem upp kemur. Öll lækniþjónusta er í höndum HSA (Heilbrigðisstofnunar Austurlands). Læknir kemur á Stöðvarfjörð tvisvar sinnum í mánuði. Hjúkrunarfræðingur sem er búsettur á Stöðvarfirði vinnur á sama tíma.

Í íbúakönnun Austurbrúar frá árinu 2022 kemur fram að 42% hafa ekki nýtt sér þjónustu hjúkrunarfræðings á síðustu 12 mánuðum en 31% hafa farið 2-5 sinnum til hjúkrunarfræðings

annars staðar í fjórðungnum á síðastliðnu ári. Svipaður fjöldi hefur leitað annað til heimilislæknis. Lyfjaafgreiðsla er opin tvisvar sinnum í viku. Lausasala og afgangur er fyrir pöntuð lyf. Heimaþjónusta fyrir aldraða er á vegum Fjarðabyggðar og starfsmaður þjónustunnar býr á Stöðvarfirði. Skipulögð dagdvöl er ekki í boði og þurfi fólk að flytja á dvalarheimili þarf það að flytja frá Stöðvarfirði.

### **Náttúra Stöðvarfjarðar**

Stöðvarfjörður er einstök náttúruperla og sérstaða byggðarlagsins er meðal annars mikil náttúruvegur og stór og merkileg kennileiti. Hvert sem þú horfir er stórkostleg náttúra. Má þar nefna Súlurnar í Súlnadal sem standa beint á móti þorpinu. Skammt utan við Lönd í Stöðvarfirði, er sjóhverinn Saxa. Saxa er sérstakt náttúrufrýrbrigði, þar sem úthafsaldan gengur inn í klettaskoru og spýttist síðan hátt í loft upp í tilkomumiklum brimgosum. Nafnið dregur Saxa af því að inni í henni saxast þönglar og þari í smátt og þeytast upp með í brimgosunum. Staðurinn er áhugaverður sem áningarstaður við

þjóðveginn bæði fyrir erlenda og innlenda ferðamenn. Einbúinn er áberandi þar sem hann hvílir upp í Jafnadal. Svo er gaman að ganga í gegnum steinbogann sem kemur úr Álftafellinu. Fjallið Steðji rís tignarlegt fyrir ofan þorpið. Stöðvarfjörður er umlukinn fallegri náttúru og væri með sameiginlegu átaki hægt að gera staðinn að áningarstað göngufólks.

Stórbrotin náttúra Stöðvarfjarðar er mikilvæg sérstaða og skiptir miklu fyrir ferðaþjónustu en einnig þegar fólk sem kys friðsælt og fallegt umhverfi velur sér stöð til búsetu.

### **Ferðamálastefna Stöðvarfjarðar**

Samkvæmt Ferðamálastefnu Fjarðabyggðar á að efla sundlaugar á hverjum stað og samræma opnunartíma. Sundlaugin á Stöðvarfirði er aðeins yfir sumartímamann og opnar seint og lokar tiltölulega snemma á daginn og því er ljóst að hægt er að gera mun meira í þessum málaflokki til að mæta þörfum heimamanna og ferðafólks. Fram kemur í fimmta kafla að „Fjarðabyggð á tjaldsvæði í hverjum



firði sem nýtast ferðamönnum sem eru með eigin búnað. Fjarðabyggð telur að byggja þurfi upp tjaldsvæði og skilgreina hlutverk þeirra miðað við aðstæður og staðsetningu“. Enn fremur segir að „tjaldsvæðið á Stöðvarfirði verði bætt með aðstöðu fyrir húsbíla og hjólhýsi og sett upp nýtt hreinlætis- og þjónustuhús en skoða þarf hvort núverandi staðsetning bjóð upp á slíkar

endurbætur.“ Í kafla sex segir um náttúruperlur og áfangastaði: „Fjarðabyggð er rík af fallettri og fjölbreyttri náttúru... og vill byggja upp áhugaverða og góða áfangastaði fyrir ferðamenn þar sem þeir geta notið fjölbreyttrar náttúru“. Einnig er fjallað um kortlagningu ferðasegla og stöðu þeirra. Í kafla átta er fjallað um skilti, merkingar og upplýsingamiðstöðvar.

Meðal annars er komið inn á að með vegi um Öxi muni Stöðvarfjörður síður verða í alfaraleið. Mæta þurfi þessum breytingum með góðum upplýsingum og merkingum. Meðal annars merkingum á áningarstöðum, þjónustu og náttúruperlum.



## Tækifæri í ferðaþjónustu

### Gönguleiðir

Náttúran er umlykur Stöðvarfjörð býður upp á mörg tækifæri í ferðaþjónustu. Í dag er staðan þannig að aðeins tvær gönguleiðir teljast sem merktar gönguleiðir með stikum en sex vinsælar leiðir eru ómerktar gönguleiðir. Aðrar leiðir eru illfærar, illa merktar og aðeins þekktar af íbúum og öðrum sem eru vel kunnugir umhverfinu í kringum Stöðvarfjörð. Fara þarf í átak við að merkja leiðir betur sem og að bæta aðkomu að þeim. Sem dæmi eru margar auðveldar leiðir í kringum bæinn, s.s. Smaláþúfa og Svartifoss sem hentar vel fyrir fjölskyldufólk. Báðar leiðir eru með gönguslóða en ekki merkt inn á nein kort og því fara þessar náttúruperlur fram hjá flestum.

Fleiri hugmyndir sem hafa komið fram á íbúafundum og í samtölum við áhugafólk um gönguleiðir eru m.a. að gera göngustíga í kringum nýgræðing og setja lýsingu svo að hægt væri að nýta svæðið allt árið.

- Tengja ætti saman Svartafoss og nýgræðing með því að setja stíg á milli þessara tveggja áfangastaða.
- Brúa ætti Þverá og gera þannig botn Stöðvarfjarðar aðgengilegri.
- Vekja þarf betri athygli á náttúruperlum sem eru allt í kring, t.d. Almannadal, Jafnadal, Einbúa og fleiri stöðum. Þetta eru ágætlega erfiðar gönguleiðir en vel þess virði að fara og fáir vita af. Hægt væri að fara í samstarf við ferðaþjónustuaðila og skipuleggja ferðir.
- Gera göngukort. Hægt er að hafa það stafrænt og þá í samvinnu við stöðvarfjörður.is
- Áhugi er fyrir því að gera leiðina að Steinbogannum aðgengilegri. Þar væri hægt að tengja saman Steinbogann og Einbúann en þar á milli liggur línuvegur þannig að ekki þarf að fara í sérstaka stígagerð nema að litlu leyti.

Íbúasamtök Stöðvarfjarðar fengu styrk úr fyrstu úthlutun frumkvæðissjóðs Sterks Stöðvarfjarðar til þess að byrja á göngustíg frá gamla fótboltavellinum og að Byrgisnesi sem er norðan við Stöðvarfjörð. Fjarðabyggð hefur veitt framkvæmdaleyfi og var byrjað á stígunum sumarið 2023.

Íbúasamtökin fengu einnig styrk úr frumkvæðissjóðnum árið 2023 til þess að hefja undirbúning að gerð rafræns göngukorts um Stöðvarfjörð. Göngufélag Suðurfjarða hefur lýst yfir vilja til þess að vera til aðstoðar og samstarfs í því verkefni. Hugmyndin er að gönguleiðir verði aðgengilegar á netinu og við upphaf hverrar leiðar verði skilti með QR-kóða sem hægt er að skanna til þess að fá upp gönguleiðina.

Eins og hefur komið fram eru skemmtilegar gönguleiðir allt um kringum Stöðvarfjörð. Ef sett væri upp skilti í miðbæ bæjarins sem sýndu þessar gönguleiðir væri hægt að fá fólk til

að stoppa lengur og þannig nýta þá þjónustu sem er nú þegar til staðar og svo sú sem á eftir að byggja upp.

Áhugavert væri að skoða þann möguleika að koma á samstarfi við Steinasafn Petru um skipulagðar gönguferðir um þá staði þar sem Petra fór í sínar steinaferðir. Hægt væri að selja ferðirnar með nesti eins og Petra tók oftast með sér, segja sögur um steina, náttúruna og gamansögur. Þetta yrði atvinnuskapandi og myndi einnig styrkja sögu

og ímynd Petru. Ferðirnar yrðu farnar í samráði og með samþykki afkomenda Petru. Best væri ef Steinasafnið sjálft myndi taka þessa hugmynd áfram.

### **Sundlaug og tjaldsvæði Stöðvarfjarðar**

Sundlaug Stöðvarfjarðar var vígð 17. júní 1983. Við lauginu eru heitir og kaldir pottar ásamt leikföngum og sólbekkjum. Sundlaugin er lokuð yfir vetrartímann en opnar yfirleitt um miðjan maí ár hvert og er opin til loka

ágúst. Á haustin fer fram í henni sundkennsla fyrir grunnskólabörn. Opnunartími laugarinnar er frá 13 til 19 á virkum dögum en til 17 um helgar.

Á íbúáþinginu sem markaði upphaf Sterks Stöðvarfjarðar var mikið rætt um sundlauginu og hvort ekki væri hægt að nýta hana betur. Var eitt starfsmarkmið um að Fjarðabyggð yrði með tilraunaverkefni sumarið 2023 og lengja opnunartímann. Því var ekki hrint í framkvæmd. Einnig er starfsmarkmið þess efnis að kanna leiðir til að lækka upphitunarkostnað laugarinnar. Verður áhugavert að sjá hverju það mun skila.

Opnunartími sundlaugarinnar hentar ekki vel vinnandi fólki. Margir íbúar Stöðvarfjarðar vinna í öðrum byggðakjörnum Fjarðabyggðar og eru rétt ókomnir heim úr vinnu þegar sundlaugin lokar. Einnig er sundlaugin ekki að sinna gestum tjaldsvæðisins. Á tjaldsvæðinu er ekki sturtuástaða og þar sem sundlaugin opnar ekki fyrr en eftir hádegi geta ferðalangar ekki skolað af sér ferðarykið. Lengdur opnunartími sundlaugar myndi auka þjónustu við





ferðafólk. Það gæti skilað sér í því að fólk myndi stoppa lengur í bænum.

Í útjaðri Stöðvarfjarðar er lítið tjaldsvæði. Þar er bílastæði fyrir húsbíla, afmarkað svæði fyrir fellihýsi og tjaldvagna og svæði þar sem hægt er að tjalda. Lítil salernisaðstaða er á svæðinu með köldu vatni en þar er hvorki sturtu- aðstaða né rafmagnstengi. Aðeins fyrir ofan svæðið er svokallaður nýgræðingur en þar eru nokkur leiktæki og lítið svið. Aðstaða er fyrir kolagrill og bekkir og borð. Þetta er skjólsælt svæði sem er skemmtilegt að vera á. Árið 2021 gistu 1039 einstaklingar á tjaldsvæði Stöðvarfjarðar, samkvæmt tölum frá upplýsingafulltrúa Fjarðabyggðar.

Nokkur umræða hefur verið um tjaldsvæðið á Stöðvarfirði en mörgum þykir aðstaðan ekki góð. Bílastæði fyrir húsbíla eru í íbúagötu og mikið ónæði er fyrir íbúa sem búa næst því. Margir gesta tjaldsvæðisins halda að húsnæðið sé þjónustuhús og hafa bankað upp á í þeirri von að komast í sturtu, eða viljað borga fyrir afnot. Samkvæmt núverandi skipulagi er gert ráð fyrir því að færa

tjaldsvæði Stöðvarfjarðar á Balann sem er stórt grænt svæði í miðju bæjarins. Mikil óánægja var með þær hugmyndir en aðrar hugmyndir hafa komið fram um nýtingu Balans, m.a. sem almenningsgarðs. Um tíma var talað fyrir þeirri hugmynd að færa tjaldsvæðið niður á gamla fótboltavöllinn sem er staðsettur beint á móti núverandi tjaldsvæði. Sú hugmynd hlaut ágætan hljómgrunn meðal íbúa en þótti mjög kostnaðarsöm enda þyrfti að skipta um jarðveg og búa til skjól þar sem fótboltavöllurinn er rétt við sjóinn og þar er oft vindasamt.

Vorið 2023 tilkynnti Fjarðabyggð að sveitarfélagið ætlaði að selja öll tjaldsvæði í eigu þess og því útséð með að einhver uppbygging yrði á tjaldsvæði Stöðvarfjarðar. Á íbúafundi sem var haldin stuttu eftir þessa tilkynningu samþykktu íbúar bæjarins að send yrði inn beiðni þess efnis að núverandi staðsetning á tjaldsvæði yrði fest í aðalskipulagi.

Tjaldsvæði Stöðvarfjarðar er á skjólsælum stað og þó það sé í útjaðri bæjarins eru vegalengdir ekki miklar

og því stutt fyrir gesti þess að sækja sér þjónustu. Það væri hægt að nýta nýgræðing mun betur og tengja við tjaldsvæðið með því að bæta við leiktækjum og bekkjum. Lagfæra þarf salernisaðstöðu sem nú er í litlum gámi, hvorki með heitu vatni né sturtu- aðstöðu. Þar sem sundlaug Stöðvarfjarðar opnar seint á daginn, er ekki nokkur leið fyrir gesti tjaldsvæðisins að fara í sturtu.

Nýir eigendur tjaldsvæðisins þurfa að fara í nokkrar framkvæmdir til að gera svæðið meira aðlaðandi. Það er mikilvægt fyrir byggðakjarna að bjóða upp á góð tjaldsvæði enda margir sem ferðast um landið með fyrsta flokks tjaldvagna eða á góðum húsbílnum og núverandi aðstaða á Stöðvarfirði býður ekki upp á góða aðstöðu fyrir þess háttar farartæki. Til að lágmarka ónæði nærliggjandi íbúa þá þyrfti að færa bílastæði fyrir húsbíla frá götunni Réttarholti. Ákjósanlegast væri að loka fyrir alla umferð tengda tjaldsvæðinu sem fer um Réttarholt og setja upp manir svo ónæði yrði takmarkað. Ljóst er að laga þarf aðstöðuna svo að íbúar sem búa næst tjaldsvæðinu verða fyrir sem minnstu

truflun. Einnig þyrfti að ráðast í uppbyggingu á almennu þjónustuhúsi sem gæti sinnt gestum mun betur. Hægt yrði, ef verslunarleysi mun verða viðvarandi, að gera þjónustumiðstöðina það stóra að hægt yrði að hýsa þar verslun, upplýsingamiðstöð, ásamt því að tjaldgestir gætu farið í sturtu og jafnvel þvegið þvott. Með því að auka við þjónustu á tjaldsvæðinu væri hægt að lengja opnunartíma þess en núna er það opið frá maílokum og til loka ágústmánaðar. Stórhuga einstaklingar nefndu í samtölum að kannski væri Stöðvarfjörður tilvalinn fyrir svokallað „glamping“ sem er þægilegri og íburðarmeiri lausn en hefðbundin útilega eða tjaldsvæði. Orðið er sett saman úr ensku orðunum „glamorous“ og „camping“ og því miður hefur ekki enn fundist gott íslenskt orð yfir þetta fyrirkomulag.

### Gisting og veitingar

Á Stöðvarfirði er eitt gistiheimili sem hefur verið rekið af núverandi eigendum frá árinu 2021. Gistiheimilið Saxa er í gamla kaupfélagshúsinu en þar er einnig rekinn veitingastaður, kaffihús og aðstaða til tónleikahalds og annar-



ra viðburða. Á Söxu eru 16 herbergi með baðherbergjum og geta allt að 32 manns gist þar. Gistiheimilið er rekið allan ársins hring þó að sumartíminn sé mesti annatíminn. Ágætis nýting hefur verið í sumar þegar gistiheimilið hefur verið opið. Samkvæmt eigenda er um 80% nýting á herbergjum frá maí og til loka ágúst. Hótelgestir eru þó ekki að panta meira en eina nótt í einu og því væri upplagt að finna leiðir til þess að fá fólk til að panta fleiri nætur í einu og þannig njóta þess sem Stöðvarfjörður

hefur upp á að bjóða. Ýmsar breytingar munu eiga sér stað hjá Söxu nú á haustmánuðum 2023. Eigendur ætla að breyta nafninu á gistihúsinu í FjörðurINN og kaffihúsinu í Moss Café. Er þetta gert til þess að aðgreina betur þessar tvær rekstrareiningar og skapa fjarlægð frá fyrri eigendum og þannig gefa núverandi eigendum frelsi til að keyra áfram sínar hugmyndir og sleppa við samanburð við fyrri eigendur.

Kirkjubær er einstakur gististaður á Íslandi, staðsettur á Stöðvarfirði. Húsið þjónaði upprunalega sem kirkja Stöðfirðinga og nær sveitunga og var byggð á núverandi stað árið 1925. Kirkjan var afhelguð árið 1991 þegar ný kirkja var tekin í notkun og nokkrum árum síðar var húsnæðið er hýsti gömlu kirkjunni, keypt og breytt í gistirými. Í Kirkjubæ er gisting fyrir tíu manns og er hægt að panta bæði í svefnpokafláss og uppþúin rúm.

Í botni Stöðvarfjarðar er rekið gistiheimilið Óseyri. Í íbúðarhúsinu sjálfu eru fjögur tveggja manna herbergi þar sem allt að átta manns geta gisti í einu. Einnig er búið að breyta gömlu hlöðunni í litla stúdíóbúð. Aðstaðan er til fyrirmyndar, falleg náttúra og heitur pottur með frábæru útsýni hvert sem litið er. Óseyri er rekið af hjónum sem eiga ættir að rekja til suðarfjarða og staðurinn hentar vel bæði fyrir fjölskyldur, vina- eða vinnuhópa sem vilja eyða stund í kyrðinni sem hvílir yfir botni Stöðvarfjarðar. Óseyri er vel nýtt og pantað flesta daga yfir sumartímann og einstaka helgar yfir dimmasta veturinn eru lausar.

Á Stöðvarfirði er heimagisting rekin í nokkrum heimahúsum. Í Hólalandi og Hjá Láru hafa eigendur sett upp litlar stúdíóbúðir í húsnæði sínu og reka innan marka þeirra laga sem fylgja gistileyfi í flokki 4 þar sem leigja má út 90 dagar eða ekki fyrir meira en tvær milljónir yfir 12 mánaða tímabil.

Á íbúafundi sem haldin var í maí 2023 kom fram skýr vilji hjá íbúum Stöðvarfjarðar að ekki yrði aukið við gistirými eða gistihús í bænum, allavega ekki á meðan ekki er hægt að flytja til Stöðvarfjarðar sökum skorts á húsnæði.



Eins og staðan er núna, sumarið 2023, er hægt að kaupa veitingar á einum stað á Stöðvarfirði, þ.e. á Café Söxu. Opnunartími þar er frá miðvikudegi til sunnudags á milli kl. 13 og 20. Síðasta vetur var opnunartími stopull en oft var hægt að kaupa kvöldmat um helgar. Eigendur eru að prófa mismunandi

opnunartíma og hvað hentar best. Mikilvægt er þó að opnunartími verði fastur og hætt verði við að prófa ýmsar útfærslur. Með því að hafa stöðugan

opnunartíma eru meiri möguleikar á að íbúar Stöðvarfjarðar nýti þjónustuna því hægt er að treysta á áður auglýstan



opnunartíma. Fyrir næsta sumar er hugsunin að hafa ekki opið í morgunmat heldur opna klukkan 10 og hafa opið fram eftir degi. Með þessu næst að anna hádegisumferðinni. Á veturna eru aðeins eigendurnir í vinnu og erfitt að vera aðeins tvö með allt fyrirtækið. Lítið þarf að bregða út af til að opnunartími raskist, s.s. ef sending berst ekki. Þá þarf að fara til Reyðarfjarðar til að kaupa inn. Fyrir sumarið 2024 er ráðgert að ráða inn sex starfsmenn og það ætti að duga til þess að halda opnunartíma og bregðast við ef eitthvað óvænt kemur uppá.

Það er engin verslun á Stöðvarfirði og því er ekki hægt að kaupa þar nauðsynja vörur. Brekkan sem bar eina búðin, lokaði snemma árs 2023 eftir 17 ár í rekstri og ekki hefur komið önnur verslun í staðinn. Brekkan var líka sem einskonar félagsmiðstöð fyrir íbúa Stöðvarfjarðar, og því var það mikil breyting fyrir íbúa þegar þessi óformlega félagsmiðstöð lokaði. Núna þurfa íbúar Stöðvarfjarðar að keyra 19 km til að komast í næstu búð en enn lengra í næstu lágvöruverslun. Það eru því

tækifæri í að ger mun betur í þessari þjónustu, bæði fyrir íbúa Stöðvarfjarðar sem og gesti staðarins.

Ekki þarf að hafa mörg orð um hversu mikil þjónustuskerðing það er, bæði fyrir íbúa og gesti Stöðvarfjarðar að ekki sé einu sinni hægt að kaupa sér vatn að drekka, svo ekki sé minnst á orðspor staðarins. Brýnt er fyrir bæinn að einhvers konar verslun verði starfrækt á staðnum.

Eins og áður hefur komið fram er aðeins einn veitingastaður á Stöðvarfirði. Vilji er hjá íbúum Stöðvarfjarðar að gera meira í framboði af þjónustu í bænum.

Eigendur Kaffibrennslunnar Kvörn hafa sent inn beiðni til Fjarðabyggðar um mögulega nýtingu á gömlu bryggjunni hjá Sköpunarmiðstöðinni. Bryggjan sem er gamla löndunarhöfnin fyrir frystihúsið sem var starfrækt til ársins 2005, hefur ekki verið í notkun síðan þá.

Hugmyndin snýst um að nýta bryggjuna undir kaffihús sem er í uppbyggingu á vegum kaffibrennslunnar og styrkja þannig þessa miðju Stöðvarfjarðar sem skemmtilegan og áhugaverðan miðbæ. Fjarðabyggð tók vel í þá beiðni og verður þessi hugmynd tekin lengra og unnið með hana á næstu mánuðum.



## Styrkjum ferðaþjónstuna

Á Stöðvarfirði eru ferðaþjónustufyrirtæki sem hafa verið starfandi í þónokkurn tíma og væri hægt að styrkja þau enn frekar.


Einn vinsælasti áfangastaður ferðafólks sem heimsækir Austurland er **Steinasafn Petru**. Er þetta stærsta steinasafn í einkaeigu í heiminum. Sumarið 2022 heimsóttu um 25.000 manns safnið. Upphaf þess má rekja til ársins 1974 þegar Ljósbjörg Petra María Sveinsdóttir ákvað að opna heimili sitt fyrir þeim sem vildu skoða steinasafn hennar. Petra hafði verið að safna steinum sem hún fann í umhverfi Stöðvarfjarðar í mörg ár og virkjað bæði eiginmann og börn í þetta áhugamál hennar. Í dag er safnið rekið af afkomendum Petru og skipta þeir með sér sumrinu en safnið opnar 1. júní ár hvert og lokar í enda september. Opið er alla daga frá 10 til 17. Ljóst er að þetta er heilmikil vinna fyrir afkomendur Petru og brátt þarf að taka upp samtal um hvernig safnið verði rekið í framtíðinni. Börn Petru sem hafa staðið vaktina í fjölda ára munu

væntanlega á komandi árum vilja draga sig í hlé og þá vakna upp spurningar um hvernig rekstri á safninu verður háttað. Taka þarf upp samtal við afkomendur um hvort væri hægt að styrkja safnið enn frekar með nýjum hugmyndum, s.s. gönguferðum sem minnst var á hér að ofan. Safnið er gríðarlega mikilvægt fyrir Stöðvarfjörð, Fjarðabyggð og Austurland sem ferðasegul og því mikilvægt að veita því þann stuðning sem aðstandendur þess þurfa og óska eftir.

Eins og fram hefur komið eru uppi hugmyndir um að nýta gömlu bryggjuna hjá Sköpunarmiðstöðinni. Ein hugmyndin er að koma upp kaffihúsi þar en einnig eru hugmyndir um að koma uppi fljótandi gufubaði eins og er mjög vinsælt á hinum Norðurlöndunum og bæta aðstöðu til sjósunds með því að þar verði sett upp flotbryggja sem auðveldar aðgengi fólks beint að sjónum. Það yrði mikið aðdráttarafli fyrir bæinn ef þessar hugmyndir næðu fram að ganga.







Brottluttur Stöðfirðingur fékk styrk úr frumkvæðissjóðnum árið 2023 til þess að setja upp söguskilti með **sögu stöðfirskra báta** og skipa sem gerð hafa verið út frá Stöðvarfirði. Hugmyndin er að setja þessi skilti upp á varnargarðinum hjá Sköpunarmiðstöðinni. Hægt væri að taka þessa hugmynd lengra og til dæmis setja upp skilti með sögum og öðrum áhugaverðu tengt staðnum. Líkt og aðrar hugmyndir sem tengjast uppbyggingu í og við Sköpunarmiðstöðina þá mun öll uppbygging á þessu svæði styrkja það sem miðbær Stöðvarfjarðar.

**Sköpunarmiðstöðin** gefur Stöðvarfirði ákveðna sérstöðu. Sköpunarmiðstöðin var stofnað til að nýta mannvirki sem áður hýstu fiskvinnslu staðarins. Miðstöðin hefur verið starfrækt á Stöðvarfirði frá árinu 2011 og er ætlað að efla menntun á svæðinu og að stuðla að lifandi tónlistar- og menningarlífi. Miðstöðin býður upp á vinnustofudvöl fyrir listafólk ásamt því að hljóðver og leirbrensla eru í húsinu. Frá janúar til desember árið 2021 nýttu 46 listamenn aðstöðuna sem er í miðstöðinni. COVID-19 og samkomutakmarkanir tengd faraldrinum höfðu áhrif á hversu

margir dvöldu við vinnu sína hjá Sköpunarmiðstöðinni en til samanturðar dvöldu um 70 listamenn árið 2018.

Sköpunarmiðstöðin hefur verið í samstarfi við grunnskólann um kennslu og skapandi greinar. Áfram má gera ráð fyrir aukinni starfsemi og sveitarfélagið og ríki hafa stutt við starfsemina. Kaffibrennslan Kvörn er með aðstöðu í húsinu og einnig er rekið fyrsta flokks hljóðupptökustúdíó, Stúdíó Síló.

Möguleikar til nýtingar á Sköpunarmiðstöðinni eru miklir ef vilji fólks er til staðar. Nú þegar er tónleikasalur í miðstöðinni sem er lítið notaður. Með samhentun áttaki og samvinnu fólks væri hægt að koma salnum í stand og bjóða upp á tónleika og jafnvel leiksýningar. Ljóst er þó að enn á eftir að klára að gera húsnæðið upp en þær framkvæmdir sem þarf að fara í mega þó ekki stoppa fólk í að nýta Sköpunarmiðstöðina og auka þannig bæði afþreyingarmöguleika heimafólks og þeirra sem heimsækja Stöðvarfjörð.

**Salthúsmarkaðurinn** er rekinn yfir sumartímamann í gamla samkomuhúsi Stöðvarfjarðar og sér félag eldri borgara um að manna vaktir á opnunartíma markaðarins. Markaðurinn vex ár frá ári og er orðinn af vinsælum stoppistað ferðalanga. Allt handverk og matur sem er seldur á markaðinum er gert af heimafólki og er mjög gaman að koma þarna við, spjalla við þau sem eru á vakt og kaupa fallegt handverk. Gestir hafa farið lofsamlegum orðum um Salthúsmarkaðinn og samkvæmt dómum á netinu þá er talað um hann sem einn allra besta handverksmarkað landsins.

Í samtali við nokkra aðila í ferðaþjónustu kom fram sú hugmynd að það gæti verið skref í rétta átt að stofna félag ferðaþjónustuaðila á Stöðvarfirði. Við það myndi skapast vettvangur til samráðs og samtals en fólk er mikið að vinna í sínu horni, að mati viðmælenda. Gott væri ef bæði Austurbrú og Fjarðabyggð kæmu inn í stjórn þessa félags og aðilar með góðar hugmyndir gætu komið þeim áfram innan félagsins.

Ákveðinn hópur íbúa á Stöðvarfirði hefur viðrað þá hugmyndir að bæta megi aðstöðu fyrir komu skútna og skemmtibáta til Stöðvarfjarðar. Með því að koma upp aðstöðu svo að hægt sé að leggja að bryggju opnast möguleiki fyrir ferðafólk á skútum að sigla inn fjörðinn.

Þannig myndi skapast ákveðinn sérstaða í ferðamennsku sem áhugavert væri að skoða nánar.

Einn viðmælandi lagði fram áhuga-verða hugmynd um að skipuleggja ætti sumarhúsabyggð á svæðinu fyrir utan

nýgræðinginn, svæði sem Stöðfirðingar þekkja sem nýræktina. Svæðið er á hægri hönd þegar ekið er að austan yfir Byrgisnesið. Verkefnið Hálönd á Akureyri og uppbygging þess ætti að vera fyrirmyndin en þar er verið að byggja sumarbústaði fyrir neðan skíða-svæðið í Hlíðarfjalli.

Uppbygging sem þessi myndi ekki aðeins styrkja ferðaþjónusta heldur einnig hafa áhrif á atvinnutækifæri og uppbyggingu á þjónustu á Stöðvarfirði. Framkvæmd á þessu svæði veltur á vilja sveitarstjórnar að veita leyfi í slíkt verk sem þó myndi skila sveitarfélaginu stöðugar tekjur.



## Fornleifar og aðrir seglar

Fornleifar á Stöð skapa ótvíræða sérstöðu sem skipta mun máli á komandi árum ef rannsóknir halda áfram.

Hér segir frá undanfara þess að farið var í rannsóknir á Stöð og hvað hefur fundist við uppgröftinn síðustu ár. Björgvin Valur Guðmundsson, formaður áhugafólks um fornleifar á Stöð, tók saman:


Dr. Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur fann skálann í Stöð þegar hann var að ganga með fyrirhuguðu ljósleiðarastæði árið 2006. Síðan gerðist ekkert í málinu í nokkur ár, þar til það spurðist hingað að í túninu í Stöð væri líklega skáli landnámsmanna.

Við fórum því nokkur í málið og báðum Bjarna að koma og rannsaka svæðið og haustið 2015 var tekinn prufuskurður. Aldursgreiningar sýna sem þá voru tekin, bentu eindregið til verulega forns mannvirkis og þegar uppgröftur síðan hófst sumarið 2016, var það staðfest.

Fljótlega kom í ljós að um tvo skála væri á ræða; „nýskáli“ hafði verið reistur ofan á eldri skála sem að öllum líkindum er frá því snemma á níundu öld. Það er að segja a.m.k. fimmtíu árum eldri en ímyndað hús Ingólfs Arnarsonar.

Í yngri skálanum fannst mikið af perlum og einnig nokkrar í þeim eldri og eru perlurnar nú orðnar yfir 200 talsins en það er met í húsum frá þessum tíma. Í sumar fannst svo mynd af skipi rist í lítinn stein. Það er sú fyrsta þeirrar gerðar sem finnst á Íslandi en





svona ristur eru algengar á hinum Norðurlöndunum. Hún er rist í Stöð því steinninn er íslenskur og myndin fannst ásamt snældusnúðum inni í vegg eldri skálans. Það er vísbending um að eitthvað hafi verið í gangi á svæðinu áður en skálinn var reistur og munirnir gætu verið húsfórn.

Skömmu áður en vinnu lauk nú í sumar fannst langeldur í gólfi eldri skálans og þar með er staðfest að um skála er að ræða. Langeldurinn er einstaklega formfagur og vandaður.

Austan við skálann hafa nú fundist afar stórar soðholur, svo stórar að þær gætu hafa verið notaðar við að sjóða og bræða spik úr sjávarspendýrum en kenning Dr. Bjarna gengur einmitt út á að upphaf búsetu í Stöð megi rekja til veiðimanna sem höfðu þar tímabundna búsetu. Sú búseta þróaðist síðan yfir í varanlega búsetu og vísbendingar eru um að Stöð hafi verið verslunarstaður. Engin kuml hafa fundist enn, en þess ber að geta að stórar grjótskriður hafa fallið yfir svæðið þar sem þeirra var leita en grafið var niður á tveggja metra dýpi.

Fornleifarannsóknirnar í Stöð hafa nú staðið í 8 ár og sér ekki fyrir endann á þeim. Vísbendingar eru um fleiri rústir í túninu austan við skálana og enn á eftir að finna naust og kuml.


Meðal gripa sem hafa fundist í skálunum í Stöð eru eggáhöld úr íslenskum jaspís (það er einstakt), snældusnúðar, skutlar, brýni, silfurpeningar, gullflögur, hrossháralippur og tilhöggna skífur sem enginn veit til hvers voru notaðar. Og svo að sjálfsgöðu myndin góða og allar perlurnar.

Fornleifarannsóknirnar geta því orðið mikil lyftistöng fyrir ferðaþjónustuna á Stöðvarfirði ef fólk grípur tækifærið, hugsar út fyrir kassann og samstarf margra aðila munu nást. Eins og hefur komið fram er mikilvægt að það sem hefur fundist við uppgröft inn á Stöð verði gert aðgengilegt fyrir almenning og að nýtt verði tækni til að búa til öðruvísi upplifun en jafnframt að halda kostnaði í lágmarki. Þrívíddarsýning væri spennandi kostur sem ætti að skoða af fullri alvöru. Áhugahópur um fornleifarannsóknir á

Stöð fékk styrk til þess að auka sýnileika og vitund fólks um þá vinnu sem fer fram á þessu svæði og tókst vel til. Nýta ætti þann meðbyr til auka enn athygli og umtal um þessa merkilegu rannsókn.

Með góðu samstarfi við landeigendur á Stöð væri hægt að setja upp fallegan útsýnisstað hjá uppgreftinum og þannig gera staðinn að fallegum áningarstað ferðafólks.

**Kirkjubær** er áhugaverður gististaður sem er staðsett í gömlu kirkju Stöðvarfjarðar. Sömu einstaklingar og reka þann stað stafrækja einnig kayakleigu. Markhópurinn er þó þeir sem borga fyrir gistingu í kirkjunni og því eru möguleikar fölgirnir í því að bjóða öllum þeim sem hafa áhuga til þess að kaupa sér aðgang að kajökum og njóta náttúru Stöðvarfjarðar frá öðru sjónarhorni. Einnig er hægt að fara í útsýnis- og veiðiferðir sem eigendur Kirkjubæjar bjóða upp á, þó aðeins fyrir sína gesti og því ljóst að hægt væri að færa út kvíarnar með þessa þjónustu. Eigendur Kirkjubæjar eru Stöðfirðingar sem hafa rekið staðinn lengi og því gæti þurft



að fá fleiri einstaklinga inn í reksturinn til þess að hægt sé að byggja upp kayakleiguna svo að fleiri gestir getið notið hennar. Skoða þarf þá möguleika með núverandi eigendum og kanna vilja þeirra til að fá aðra að rekstrinum eða að selja þann part frá gistihúsinu. Samkvæmt upplýsingum frá eigendum hefur verið mjög lítil aðsókn í að gista í kirkjunni í sumar en samkvæmt honum er Kirkjubær ekki inn á neinum bókunarsíðum og heimasíðan þeirra hefur ekki verið uppfærð í nokkur ár.

**Aðrar hugmyndir og verkefni** sem hægt væri að byggja meira á, er til dæmis hjólaleiga sem er staðsett hjá Kaffi Söxu. Hægt væri að fara í þá vinnu að skipuleggja hjólaferðir í kringum Stöðvarfjörð og jafnvel bjóða upp á mis erfiðar fjallahjólaferðir. Á teikniborðinu er betri nýting á stóra salnum á Söxu og koma þar fyrir spilamiðstöð í anda Nexus í Reykjavík og Goblin á Akureyri. Einnig voru nefndar hugmyndir um að hægt væri að nýta svæðið í kringum Nýgræðing mun betur, jafnvel að setja upp adrenalín garð með þrautabraut í anda aðstöðunnar á Úlfljótuvatni.

### **Pokusetrið**

Í kringum 2014 voru uppi hugmyndir um að setja upp metnaðarfullt safn tileinkað Austfjarða þokunni. Ásamt því að setja upp safn, var einnig stefnt að því að byggja upp miðstöð þokurannsóknna, þar sem sett yrði fram fróðleikur um þokuna á áhugaverðan hátt og tengja inn sögur af þokunni. Safnið átti að vera staðsett í gamla samkomuhúsinu á Stöðvarfirði. Á þeim tíma þegar þessi hugmynd fór sem hæst, var samkomuhúsið í mjög slæmu ástandi og annað hvort þurfti að rífa húsið eða fara í dýrar framkvæmdir. Fjarðabyggð ákvað að gera húsið upp enda sögufrægt hús sem heimafólk byggði upp í sjálfböðavinnu árið 1937 og því ljóst að húsið skiptir íbúa Stöðvarfjarðar miklu máli. Hugmyndir um Þokusetrið voru metnaðarfullar þar sem gestir áttu að getað kynnst þokunni, hlustað á sögur og séð myndbönd og ljósmyndir af henni. Hópurinn sem stóð að Þokusetrinu hafði hug á því að leggja göngustíga á öllum Austfjörðum þar sem hægt yrði að skoða þokuna í nálægð.

Í dag er staðan sú að ekkert eiginlegt þokusetur er stafrækt en í samkomuhúsinu þar eru fallegar myndir af þoku frá flestum fjörðum Austurlands. Áhugavert væri að athuga hvort hægt yrði að endurvekja þessa metnaðarfullu og áhugaverðu hugmynd sem svo sannarlega yrði mikill ferðamanna-segull fyrir Stöðvarfjörð.

### **Veturinn**

Það er áskorun fyrir ferðaþjónustuaðila á Austurlandi að fá ferðafólk að koma til fjórðungsins yfir harðasta vetrartímann. Hins vegar er þessi partur landsins jafn heillandi á veturna eins og hann er yfir sumartímann og því þarf að fara í samstillt átak allra á Austurlandi til þess að fara í markaðssetningu á vetrarferðalögum. Stöðvarfjörður baðaður í norðurljósum er upplifun sem erfitt er að lýsa með orðum en ætti að vera góður sölupunktur. Kyrrðin í vetrarstillunni og gönguferðir í snjó eru allt atriði sem hægt er að selja en þetta er stærra verkefni en fyrir ferðaþjónustuaðila á Stöðvarfirði.

**Kambanes** er ysta nesið milli Stöðvar-



fjarðar og Breiðdalsvíkur. Upp af nesinu eru fjallstindarnir Súlur. Á Kambanesi hefur verið viti frá árinu 1922 og mönnuð veðurathugunarstöð frá árinu 1961 til 1992 en sjálfvirk síðan. Fyrir nokkrum árum voru uppi stórhuga hugmyndir um að reisa stórt hótél á Kambanesi ásamt því að byggja fjölda smáhýsa sem ætti að hýsa starfsfólk sem og gesti. Farið var í mikla vinnu við að deiliskipuleggja svæðið svo að hægt yrði að hefjast handa við þessa uppbyggingu. Allar þessar hugmyndir voru settar á ís þegar stríðið í Úkraínu braust út en eigendur þessa svæðið eru frá Rússlandi. Þó teljast verði ólíklegt að ráðist verði í að koma upp þarna hóteli af þeirri stærðargráðu sem átti að gera, er ljóst að hægt yrði að nýta Kambanesið betur. Þarna eru fallegar gönguleiðir sem mynda hring um nesið og á því miðju er upphækkun þar sem útsýnið er fallegt. Á Kambanesi er einnig mikið og fjölskrúðugt fuglalíf sem hægt væri að nýta sem segul fyrir ákveðinn hóp ferðafólks. Áhugavert væri að koma upp áningarstað á Kambanesi þar sem hægt væri að setjast niður með nesti og njóta bæði náttúru

og dýralífs. Hægt væri að setja upp skilti með upplýsingum um helstu fugla- tegundir og um sögu ábúenda á nesinu.

## Látum hugann reika

Aðrar hugmyndir sem hafa komið fram í umræðum um hvernig væri hægt að gera sem mest úr fornleifarannsóknunum, styrkja ferðaþjónustu og auka aðdráttarafl Stöðvarfjarðar er að koma á fót verkefninu „Landnámsstöðin“. Hugmyndin snýst um að koma upp landnámsskála, að fyrirmynd þeirra sem hafa fundist við uppgröftinn, lítið þorp þar sem hægt væri að upplifa lífið á þessum stað. Skálinn yrði þá staðsettur á landi Stöðvar og þar yrði sögu-sýning, minjagripaverslun og jafnvel veitingastaður þar sem yrði boðið upp á „víkingamat“ sem þó myndi höfða til nútímafólks. Hægt yrði að fara í samstarf við Beljanda brugghús um að brugga bjór með nöfnum sem tengdust landnámsmanninum Þórhaddi gamla. Hægt væri að bjóða upp á upplifunarferðir tengdar landnámsskálanum, bæði til sjós og lands. Söguferð þar sem gengið yrði um svæðið en þátttakendur gætu fengið heyrnatól til þess að fara í gegnum sýninguna á sínum hraða. Fyrirmyndin er Víkingasafnið á Grandi í Reykjavík.

Upplifunarferðir inn á svæðið á sjó er önnur hugmynd sem hefur komið fram. Þá yrði siglt frá gömlu bryggjunni sem er hjá Sköpunarmiðstöðinni og inn fjörðinn og komið í land hjá Óseyri. Til að gera upplifunina sem mesta gætu farþegar leigt sýndarveruleikagleraugu og séð fjörðinn þegar fyrstu landnámsmennirnir sigldu þar inn. Þetta eru stórar hugmyndir sem kosta

mikið fjármagn en það er gaman að láta hugann reika og hafa nokkur sveitarfélög og einkaaðilar tekið höndum saman og komið svipuðu verkefnum af stað. Sem dæmi má nefna Landnámssetrið í Borgarfirði, Víkingaheimar í Reykjanesbæ og svo Örlygsstaðabardaginn í Skagafirði. Orð eru til alls fyrst og gaman væri ef einhver stórhuga tæki þessar hugmyndir lengra.



## Lokaorð

Stöðvarfjörður hefur tækifæri til þess að stimpla sig inn sem ferðamannabær. Náttúran og umhverfið er stórbrotið og hægt væri að gera mun meira í því að gera áhugaverða staði mun aðgengilegri með því að stika leiðir, setja upp skilti og jafnvel leggja göngustíga að styttri leiðum. Skýr framtíðarsýn og stefna í ferðamálum af hálfu Fjarðabyggðar er grundvallaratriði til að vel til takist. Taka þarf tillit til allra byggðarkjarna sveitarfélagsins þar sem unnin verður stefna í samstarfi við ferðaþjónustuaðila og íbúa. Hugmyndir um stofnun félags aðila í ferðaþjónustu á Stöðvarfirði sýnir að það er hugur í fólki og vilji til þess að eiga ríkt samtal um hvernig hægt sé að skipuleggja hágæða ferðamannastað á Íslandi sem á sér engan líka og þar sem upplifun gesta verður einstök.

Einnig þarf að huga af innviðum. Á Stöðvarfirði er ekki verslun, veitingastaður er ekki opinn alla daga vikunnar og opnar eftir hádegi þá daga sem opið er. Það er miður að ekki sé opið meira yfir sumarið enda nauðsynlegt að ferðafólk geti keypt sér mat og aðföng og þannig stoppað lengur í bænum. Ef opnunartími sundlaugar yrði lengdur myndi það þjóna hagsmunum tjaldgesta sem og íbúum Stöðvarfjarðar. Ef byrjað yrði á uppbyggingu á Balanum og aðstaða þar gerð til þess að njóta, yrði það til góðs fyrir Stöðvarfjörð.

Ljóst er að vilji íbúa er til staðar en þegar vantar sterkar undirstöður undir innviði í bænum er erfitt að ráðast í stórar hugmyndir varðandi uppbyggingu í ferðaþjónustu. Lágmarks þjónusta, fyrir

ferðafólk eða íbúa bæjarins er ekki til staðar. Því er það einna brýnast að innviðir Stöðvarfjarðar byggist upp og styrkist sem fyrst. Það ætti þó ekki að koma í veg fyrir að einstaklingar og fyrirtæki fari að huga að því að efla og greina tækifærin sem eru á Stöðvarfirði.